

# Vonarsjóður Félags grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ)

## Um sjóðinn

Sjóðurinn heitir Vonarsjóður FG og SÍ og er starfsþróunarsjóður Félags grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ).

Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna FG og SÍ til faglegrar starfsþróunar. Með faglegrri starfsþróun er átt við að félagsmenn viðhaldi og auki sérfræðiþekkingu sína á sviði náms og kennslu.

Umsóknum og fylgigögnum er skilað rafrænt á [Mínum síðum KÍ](#). Ef fylgigögn eru send í tölvupósti á [sjodir@ki.is](mailto:sjodir@ki.is) þarf að merkja þau með umsóknarnúmeri. Sama á við um ef fylgigögn eru sent í bréfaþósti.

Kvittanir mega vera tólf (12) mánaða gamlar. Hægt er að sækja um styrk sex (6) mánuði fram í tímann og allt að tólf (12) mánuði aftur í tímann. Vottorð vegna lokinna ECTS eininga mega ekki vera meira en tólf (12) mánaða gamlar frá því að námsáfangi lýkur.

Ef, af einhverjum ástæðum, ekki er mögulegt að skila umsóknum á Mínum síðum þá er eyðublað [hér](#).

Stjórn Vonarsjóðs FG og SÍ kemur að jafnaði saman annan hvern mánuð, í lok febrúar, apríl, júní, ágúst, október og desember og umsóknarfrestur rennur út 15. þess mánaðar sem fundur er haldinn. Vafamálum er vísað til stjórnar. **Athugið einnig að allar umsóknir sem innihalda skólaheimsóknir þurfa að fara fyrir fund stjórnar.**

## Hverjir eiga rétt á styrkjum?

Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands sem greitt er fyrir í sjóðinn á grundvelli kjarasamnings fyrrgreindra aðila. Réttur til úthlutunar: Vinnuveitandi þarf að hafa greitt iðgjald í sjóðinn mánaðarlega í a.m.k. sex samfellda mánuði til þess að félagsmenn öðlist rétt til úthlutunar.

Einnig hafa eftirtaldir rétt í sjóðinn skv. samþykktum og reglum sjóðsins:

- **Atvinnuleysi:** Félagmenn sem eru atvinnulausir geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FG eða SÍ og mánaðarlegt framlag Atvinnuleysisstryggingasjóðs renni til Vonarsjóðs FG og SÍ.
- **Fæðingarorlof:** Samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof njóta félagsmenn í fæðingarorlofi óskertra réttinda úr sjóðnum, enda renni mánaðarlegt framlag launagreiðanda til sjóðsins.
- **Launuð leyfi:** Félagmenn sem viðhalda félagsréttindum sínum í FG eða SÍ njóta óskertra réttinda í launuðum leyfum enda renni mánaðarlegt framlag launagreiðanda til sjóðsins.

**Launalaus leyfi:** Félagsmenn sem fara í launalaust leyfi geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FG eða SÍ ([sbr. reglu KÍ um aðild í launalaust leyfi](#)).

- **Veikindi:** Félagsmenn halda réttindum sínum í sjóðinn fyrir það tímabil sem þeir fá greidda sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði KÍ.

## Styrktegundir

**A-hluti: Starfsmenntunarstyrkur**

### Starfsmenntunarstyrkur

Styrkur til félagsmanna til að sækja námskeið innanlands eða utan og til ákveðinna verkefna sem teljast til starfsþróunar þeirra s.s. framhaldsnáms á háskólastigi vegna lokinna ECTS eininga og skráningar-/skólagjalda, námskeið, ráðstefna, málþinga og skipulagðra skólaheimsóknna eða kynnisferða. Með skipulagðri skólaheimsókn eða kynnisferð er átt við að staðfest dagskrá frá skipuleggjanda og/ eða móttökuaðila liggi fyrir og standi yfir í a.m.k. einn dag. Ferða- og gistikostnaður er jafnframt styrktur. **Sjóðurinn greiðir fyrir gistinætur sem sannanlega varða ferðina (námskeið, ráðstefnu, málþing, skólaheimsókn/kynnisferð) auk einnar viðbótarnætur ef þannig háttar til s.s. vegna ferðatilhögunar.**

**Kr. 300.000 á tveggja ára tímabili.**

*Athugið að allir styrkir eru greiddir út í einu lagi, einni greiðslu.*

**B-hluti: Loknar ECTS einingar**

### Styrkur vegna lokinna ECTS háskólaeininga

Styrkur vegna lokinna ECTS eininga að hámarki 120 ECTS einingar einu sinni á starfsferlinum.

**Hver ECTS eining í framhaldsnámi á háskólastigi gefur 5.000 kr.**

Þegar félagsmaður hefur fullnýtt ECTS einingar úr B-hluta getur hann sótt um styrk vegna lokinna ECTS eininga úr A-hluta.